

FUNDARGERÐ

322. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 24. febrúar 2022

Í ljósi nálægðartakmarkana var fundurinn haldinn á TEAMS

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefnin framundan
3. Sérstök söfnun
4. Samráð
5. Heyrúlluplast
6. Rekstur
7. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ).
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Halldór Haraldsson (HaH),
Hildur Hauksdóttir (HiH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

Benedikt S. Benediktsson ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 321. fundar stjórnar var samþykkt með breytingum.
2. Ákveðið var að verkefnislýsing vegna vinnustaðgreiningar verði lögð fyrir stjórn til skoðunar.
3. Ákveðið var að farið skyldi yfir stöðu verkefnaáætlunar á hverjum stjórnarfundum.
4. Ákveðið var að stjórnarmenn mundu funda óformlega með Gunnari Bragasyni, Helga Þór Ingólfssyni og Brynhildi Davíðsdóttur til að ræða mögulegt verkefni um uppbyggingu útgjalda sjóðsins.
5. Ákveðið var að stjórnarmenn og ÓK mundu funda óformlega vegna undirbúnings fundar með Gunnari, Helga og Brynhildi.

6. Tillaga MJ um samráð við haghafa og umhverfissamtök var samþykkt.
7. Ákveðið var að Úrvinnslusjóður hætti að greiða fyrir urðun á heyrúlluplasti frá og með 1. mars 2022.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:34

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 321. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs.

ÁJ og EM lögðu til breytingu á umfjöllun um 2. dagskrárlið og var hún samþykkt.

Gerðardrögin voru SAMÞYKKT með breytingum og verða send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

ÓK fór yfir stöðu verkefna skrifstofu Úrvinnslusjóðs vegna ákvarðana síðasta stjórnarfundar. Kom m.a. fram að unnið væri að samantekt vegna uppsafnaðs magns dekkjakurils hjá Sorpu, unnið að tillögugerð á grundvelli skýrslu VSÓ um flutningsjöfnun og samskipti ættu sér stað við aðila sem gæti tekið að sér vinnustaðagreiningu.

ÁJ lagði til að stjórn Úrvinnslusjóðs yrði fengin verkefnislýsing vinnustaðagreiningar til skoðunar og var það SAMÞYKKT.

2. Verkefnin framundan

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir verkefnaáætlun á PP-formi.

ÓK fór yfir stöðu verkefna á áætluninni og gerði grein fyrir uppfærslum tímasetninga í ljósi þróunar verkefna. Kom m.a. fram að tekið hefði verið tilboði vegna úttekta á kostnaði við úrvinnslu ökutækja og að gerður hefði verið samningur vegna verkefnis sem varðar vinnslu á drifrafhlöðum. Gerð var grein fyrir viðræðum við PreZero er varðar rekjanleika úrgangs. Þá kom fram að lögfræðingar fagráðuneytis væru að yfirfara nýjan veiðarfærasamning og að fram færu viðræður við fagráðuneyti vegna þrepaskiptra gjalda jafnframt biðu erlendar hliðstæður Úrvinnslusjóðs eftir leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB. Rætt var um samskipti við fagráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skattinn – tollgæslustjóra vegna þrepaskiptra gjalda.

Stjórn ræddi verkefnin. ÁKVEÐIÐ var að fara yfir stöðu verkefna á hverjum stjórnarfundum.

3. Sérstök söfnun

Á rafrænni stjórnargátt lá fyrir tillaga frá fulltrúum atvinnulífs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að greina breytingar fyrir Úrvinnslusjóðs

annars vegar vegna ráðningar lögfræðings og hins vegar af því að utanaðkomandi sérfræðingum verði falið að setja fram tillögu um uppbyggingu útgjalda sjóðsins í ljósi ákvæða laga nr. 103/2021.

LÓ gerði grein fyrir efni tillögunnar.

Stjórn ræddi tillöguna. MJ benti á að hluti tillögunnar hefði ríkan snertiflöt við vinnustaðgreiningu sem verið er að undirbúa.

Ákveðið var að funda óformlega með Gunnari Bragasyni, Helga Þór Ingólfssyni og Brynhildi Davíðsdóttur til að ræða mögulegt verkefni um uppbyggingu útgjalda sjóðsins. Rætt var um að bjóða lögfræðingum fagráðuneytis að taka þátt í fundinum. Ákveðið var að stjórnarmenn og ÓK mundu funda óformlega vegna undirbúnings fundar með Gunnari, Helga og Brynhildi.

Stjórn ræddi drög ÓK að viðskiptalíkani fyrir sérstaka söfnun.

4. Samráð

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir tillaga MJ um samráð við haghafa og umhverfissamtök. Þá lágu einnig á gáttinni listi yfir mögulega samráðsaðila og tölvupóstur frá BSB þar sem athygli var vakin á efni 6. efnismálsgreinar 9. tölul. 1. gr. tilskipunar 2018/851.

Stjórn ræddi málið, m.a. hvað varðar tímasetningu samráðs og mögulega útvíkkun þess m.t.t. samráðsaðila. Var tillaga MJ SAMÞYKKT.

Stjórn ræddi stuttlega tímasetningu ársfundar Úrvinnslusjóðs.

5. Heyrúlluplast

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir tillaga um sjóðurinn hætti að greiða fyrir urðun á heyrúlluplasti frá og með 1. mars 2022.

Stjórn ræddi tillöguna og var hún SAMÞYKKT.

6. Rekstur

Umræðu um dagskrárliðinn var frestað til næsta stjórnarfundar.

7. Önnur mál

Fleira var ekki gert á 322. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 09:54.